

Sambætting náms nemenda á starfsbraut og nemenda á öðrum brautum með kvikmyndagerð.

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi des. 2011

Verkefni unnið með styrk úr Sprotasjóði

Verkefnisstjóri: Jens B. Baldursson

Verkefnið fellur undir skapandi nám: Nýsköpun í námsumhverfinu.

Markmið verkefnis

Helsta markmið verkefnisins var að nota kvikmyndagerð til að stuðla að samvinnu nemenda á starfsbraut og nemenda á öðrum brautum við sköpun listaverks (stuttmyndar) þar sem flétta þarf saman leiklist, tónlist og fleiri listgreinum. Nemendurnir þurftu að vinna saman við gerð handrits, leikmyndar og annara leikmuna, leika, taka myndina upp og klippa. Gert var ráð fyrir að stjórnendur verkefnisins leiðbeindu nemendum við að klippa og fullvinna myndina. Nemendur luku svo verkinu með því að skrifa vinnuskýrslu. Afrakstur verkefnisins var því stuttmyndin, vinnuskýrslan og svo það sem mestu máli skiptir, ánægja nemendanna af því að hafa skapað e-ð með samvinnu ólíkra hópa. Með vinnslu svona verkefnis breiðist kunnáttan í kvikmyndagerð út meðal nemenda í skólanum.

Tækjabúnaður skólans til kvikmyndagerðar var gamall og þarfnaðist endurnýjunar. Sótt var um styrk úr Sprotasjóði ekki hvað síst til að endurnýja hann.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Haft var samband við fimm nemendur sem höfðu verið virkir í leiklistarklúbbi og/eða kvikmyndaklúbbi skólans. Þau voru öll tilbúin til að taka þátt í verkefninu og voru því skráð í áfangann VÍD1036. Fjórir nemendur á starfsbraut tóku einnig þátt í þessu verkefni og voru innritaðir í áfangann VÍD1S36 sem er áfangi fyrir starfsbrautir og var kenndur með VÍD1036. Kennari starfsbrautar sá um kennsluna

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í helstu atriðum var upphaflegri áætlun fylgt. Útbúin var vefsíða um verkefnið þar sem hægt var að að fylgjast með framgangi þess og sjá myndbrot og ljósmyndir. Vinnan við vefsíðuna bættist við upphafleg markmið en reyndist vera vel heppnuð viðbót.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Eitt helsta vandamálið var stundatöflugerðin. Æskilegt þótti að kenna tvo samfellda tíma en það stangast á við stökkakerfi skólans nema kennt sé eftir kl. 16 sem ekki þótti heppilegt. Árekstrar við aðrar námsgreinar voru því óhjákvæmilegir hjá nokkrum nemendum. Þessir árekstar voru helsta umkvörtunarefni kennara og nemenda. Þetta varð til þess að nemendur tóku ekki allir fullan þátt í handritsgerð vegna fjarveru og þetta skapaði einnig erfiðleika varðandi upptökur, það þurfti stundum að fresta þeim eða fara aftur á sama staðinn.

Þá var ákveðið að prófa einfaldara klippiforrit en Adobe Premiere-forritið sem notað hefur verið í skólanum síðast liðinn rúman áratug. Hugmyndin var sú að nemendurnir lærðu sjálfir að klippa vídeómyndir og nota til þess ókeypis eða ódýr forrit. Var ákveðið að prófa Windows Movie Maker en grípa til Adobe Premiere ef þörf krefði. Öll myndbrotin sem birtust á vefsíðunni voru klippt í Windows Movie Maker en Premiere var notað til að klippa myndina í lokin.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu

Þetta var mjög flottur nemendahópur og stóðu þau sig öll með þryði. Vinnan fór hægt af stað sem eðlilegt er þar sem nemendur voru að kynna. Það tekur auðvitað sinn tíma. Það var mjög gaman að sjá breytinguna í lok annar. Engin feimni lengur heldur bara vinskapur og góð samvinna. Í samantekt nemenda um verkefnið kemur fram ánægja með vinnuna að verkefninu.

Þá má nefna að vefsíðan gerði mjög mikið fyrir áfangann og viðbrögð við henni voru mikil og góð, ekki bara úr FVA heldur úr öllu bæjarfélaginu og víðar um landið. Það voru margir að fylgjast með og enn eru margar heimsóknir á síðuna.

Loks ber að nefna bættan tækjakost skólans til kvikmyndagerðar sem ávinning af verkefninu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Megintilgangur verkefnisins var að nota kvikmyndagerð til að stuðla að samvinnu nemenda á starfsbraut við nemendur á öðrum brautum við sköpun listaverks. Þetta markmið tókst mjög vel eins og sjá má umsögnum nemenda sem m.a. sögðu að allir hafi hlakkað mjög mikið til að mæta í hvern einasta tíma.

Vefsíðan, þar sem sjá má stuttmyndina sem gerð var svo og mörg myndbrot og ljósmyndir, er til marks um að markmiðin hafi náðst. Vefsíðan varð til þess að vinnan við verkefnið varð sýnileg innan skólans og utan og mikið af jákvæðum viðbrögðum barst við henni.

Eitt helsta markmiðið með umsókninni var endunýjun á tækjakosti skólans til kvikmyndatöku og tölvukosti til að fullvinna myndir. Keyptar voru tvær mjög góðar vídeótökuvélar og fartölva til að klippa vídeómyndir. Langstærsti hluti styrksins var notaður í þetta og ýmsan annan tækjakost.

Niðurstöður og kynning á afrakstri verkefnisins

Stuttmyndin „Birtuhvarf – leitin mikla“ sem er aðalafrakstur verkefnisins, var sýnd á sal skólans í frímínútum síðasta kennsludag annarinnar. Meirihluti nemenda, starfsmanna skólans og gestir þátttakenda var viðstaddur og vakti myndin mikla lukku. Sjá má myndina á vefsíðu verkefnisins:

<http://vid103.wordpress.com/>


Þar er hægt að fylgjast með vinnu nemendanna frá upphafi til enda. Á vefsíðunni eru einnig myndbrot (kölluð: „Á bak við tjöldin“) sem gerð voru meðan á vinnunni stóð. Á síðunni eru líka fjöldi ljósmynda sem teknar voru við vinnuna.

Verkefnið gekk vel og helstu markmið náðust. Auðvitað komu fram ýmsir erfiðleikar sem þó tókst að leysa þannig að allir voru mjög ánægðir. Niðurstaðan er að vinna við svona verkefni er mjög góð leið til að stuðla að blöndun fatlaðra nemenda og annara nemenda í skólum.

Akranesi 14. desember 2011



Jens B. Baldursson verkefnisstjóri



Atli Harðarson skólameistari